

Nd.

590. Breytingartillögur

[14. mál]

við frv. til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr., b-lið. Í stað „2.85 teningsmetrar“ komi 2.83 teningsmetrar.
2. Við 3. gr. Í stað „eða veiðarfæra“ í síðustu málsgr. komi: eða við veiðarfæri.
3. Við 4. gr.
 - a. Við a-lið. Í stað „þekki áttavita“ komi: þekki á áttavita.
 - b. Í stað „Gegn slíku vottorði gefur“ í síðustu málsgr. komi: Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur.
4. Við 8. gr., c-lið. Í stað „18 ára“ komi: 19 ára.
5. Við 10. gr., b-lið, 2. málslið. Í stað „12 mánuði“ í upphafi málsliðarins komi: 6 mánuði.
6. Við 12. gr.
 - a. Við b-lið, 1. málslið. Í stað „36 mánuði“, „18 mánuði“ komi: 30 mánuði, 12 mánuði.
 - b. Við c-lið. Í stað „19 ára“ komi: 20 ára.
7. Við 14 gr. Inn komi nýr liður, sem verði c-liður, og breytast aðrir liðir í samræmi við það. Nýr c-liður orðist svo: hefur af siglingatíma þeim, sem um getur í b-lið, verið að minnsta kosti 6 mánuði stýrimaður á verzlunarskipi í utanlandssiglingum.
8. Við 16. gr.
 - a. Við b-lið, 1. málslið. Í stað „48 mánuði“ komi: 36 mánuði.
 - b. Við b-lið, 2. málslið. Í stað „24 mánuði“ á tveim stöðum komi: 18 mánuði.
9. Við 18. gr. Í stað „sex mánuði“ í síðari málsgrein komi: 18 mánuði.
10. Við 21. gr., síðustu málsgrein. Í stað „undir 60 rúmlestum“ komi: undir 30 rúmlestum.